

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um póstnúmer fyrir Kjósarhrepp.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

- Á hvaða grundvelli og með hvaða rökum hafnaði Byggðastofnun því að breyta póstnúmerinu 276 Mosfellsbær í 276 Kjós í mars árið 2023?
- Verður ákvörðun Byggðastofnunar um að hafna erindi sveitarstjórnar Kjósarhrepps birt, t.d. á vef stofnunarinnar? Ef ekki, hvers vegna ekki?
- Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sveitarstjórn Kjósarhrepps verði að ósk sinni um að póstnúmerið beri nafn sveitarfélagsins en ekki nafn annars ótengds sveitarfélags?

Skriflegt svar óskast.